

Akureyrarbær  
Anna Bragadóttir  
Geislagötu 9  
600 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 14. janúar 2014  
Tilvísun: UST20131200146/ksj

### **Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Akureyrarbæjar 2005 – 2018, skipulags- og matslýsing**

#### **Tillaga að deiliskipulagi virkjunar í Glerárdal, skipulags- og matslýsing**

Vísað er til erindis skipulagsdeildar Akureyrarbæjar er barst 19. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um skipulags- og matslýsingu vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Akureyrarbæjar 2005 – 2018. Einnig er beðið um umsögn um lýsingu vegna tillögu að deiliskipulagi virkjunarsvæðis á Glerárdal.

Framkvæmd við vatnsaflsvirkjunina felst í því að stífla Glerá ofan hins eiginlega Glerárgils og leiða vatnið eftir um 6 km langri niðurgrafinni þrýstipípu að stöðvarhúsi í Réttarhvammi norðan Glerár. Inntakslón yrði um 1 ha. Virkjuð fallhæð yrði um 238 m og uppsett afl um 3,3 MW. Framkvæmdin fellur undir 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

### **Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Akureyrarbæjar 2005 – 2018, skipulags- og matslýsing**

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Akureyrarbæjar 2005 – 2018 felur í sér eftirfarandi: Skilgreind verða tvö iðnaðarsvæði, annars vegar við fyrirhugaða stíflu ofarlega á Glerárdal alls 114,6 ha og hins vegar iðnaðarsvæði fyrir fyrirhugað stöðvarhús í Réttarhvammi norðan Glerár alls 6 ha. Milli svæðanna er áætluð 6 km lagnaleið þrýstipípu. Einnig kemur fram að stofnun fólkvangs á Glerárdal er í undirbúningi.

Að mati Umhverfisstofnunar þarf að koma fram hvaða áhrif stífla og uppistöðulón munu hafa á náttúruupplifun þeirra er heimsækja væntanlegan fólkvang og náttúruverndargildi svæðisins. Einnig þarf að mati Umhverfisstofnunar að koma fram í tillögu að aðalskipulagsbreytingu umfang þrýstipípunnar og hver áhrif lagning hennar mun hafa á á umhverfið.

#### **Svæði á náttúruminjaskrá**

Eins og fram kemur í greinargerð eru svæðin þar sem gert er ráð fyrir stöðvarhúsi (Réttarhvammur) og lagnaleið fyrir þrýstipípu að hluta, inni á svæði nr. 508 á

náttúruminjaskrá. Einnig kemur fram að í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins er ákvæði um að innan svæðisins er mannvirkjagerð óheimil. Umhverfisstofnun harmar stefnubreytingu Akureyrarbæjar hvað varðar náttúruminjar á svæði á náttúruminjaskrá nr. 508. Í náttúruminjaskránni er lýsing svæðis 508 svohljóðandi: „Árgil Glerár frá Bandgerðisbrú við Sólvelli, upp gilið að ármótum Glerár og Hlífár. Gróðurrikt gil, skógarlundir, fjölbreyttar árrofsmyndanir, fossar, skessukatlar og skútar. Söguminjar.“

Í ofangreindri lýsingu kemur eftirfarandi fram: „Breyting á aðalskipulagi mun felast í því að breyta afmörkun svæðis á náttúruminjaskrá á þann hátt að fyrirhugað iðnaðarsvæði stöðvarhúss verður utan svæðis.“ Umhverfisstofnun bendir á að skv. lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 þá er það umhverfisráðherra sem sér um að gefa út náttúruminjaskrá. Stofnunin bendir á að það er ekki á forræði sveitarfélaga að breyta afmörkun þeirra svæða sem í skránni eru heldur fer umhverfis- og auðlindaráðherra með málefni þeirra.

### Tillaga að deiliskipulagi virkjunar í Glerárdal, skipulags- og matslýsing

Í lýsingu kemur fram að í tillögu að deiliskipulagi virkjunar á Glerárdal verði skilgreint um 1 ha inntakslón, og 5-6 m há stífla í Glerárdal ásamt lóð og byggingarreit fyrir stöðvarhús í Réttarhvammi og tengdum framkvæmdum. Einnig verður gerð tillaga um nýjan veg frá þjónustuvegi vatnsveitu að stíflustæði, 900m. Einnig verða skilgreindir áningastaðir ásamt göngustígakerfi. Alls er efra skipulagssvæði 114,6 ha. Í tillögunni verður einnig skilgreindur 300 vegur að stöðvarhúsi frá Hlíðarfjallsvegi ásamt lóð og byggingarreit fyrir stöðvarhús. Stærð neðra skipulagssvæðis er 6 ha, en mörkin liggja meðfram Hlíðarfjallsvegi, Hlíðarbraut og í Glerá, of suðurmörk út fyrir núverandi efnisvinnslusvæði. Að mati Umhverfisstofnunar eru deiliskipulagssvæði fyrir ofangreindar framkvæmdir nokkuð og stór, og þyrfti að koma fram í tillögu að deiliskipulagi hvers vegna svo mikil rými eru tekin frá af mikilvægu útivistarrými fyrir framkvæmdirnar. Einnig þyrfti að koma fram hvort önnur starfsemi er áætluð í Réttarhvammi þar sem 6 ha eru teknir frá fyrir stöðvarhús.

### Niðurstaða

Umhverfisstofnun tekur undir stofnun fólkvangs á Glerárdal, en telur mikilvægt að áhrif virkjunar í Glerá á Glerárdal á náttúruverndargildi, útivistargildi og náttúruupplifun væntanlegra fólkvangsgesta verði metin. Einnig bendir stofnunin á mikilvægi þess að við undirbúning framkvæmda verði komið í veg fyrir allt óþarfa rask. Umhverfisstofnun harmar breytta stefnu sveitarfélagsins gagnvart svæði 508 á náttúruminjaskrá og bendir jafnframt á mikilvægi þess að í væntanlegum skipulagstillögum verði gert ráð fyrir að gljúfur Glerár verði hreinsað ekki síst nálægt fyrrverandi urðunarsvæði. Einnig bendir stofnunin á nauðsyn þess að hreinsa upp gljúfur árinna sunnan Réttarhvamms í samræmi við það sem fram kom í tillögu að deiliskipulagi lóðar Malar og Sands við Súluveg.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

A. Birna Guð.

Aðalbjörg B Guttormsdóttir  
Teymisstjóri